

# Eftirtektarverð áskorun

—o—

## I.

Forviða varð eg, þegar eg sá í blöðunum, að 238 Reykvíkingar (og nokkrir utanbæjar-menn hér staddir) hefðu sent Alþingi áskorun um að verða við ósk þeirri, sem látin er í ljós í greininni „Tiðarsfar og hugarsfar“; Vísir 3. mars s. l. Var mér að vísu kunnugt um, að hér er margt gott fólk, en hafði þó varla búist við svo merkilegum árangri, þó að eg kastaði því fram, að mér kæmi vel þannig lagaður stuðningur. Heill og heiður sé því góða fólki, sem þannig hefir sýnt, að það vill styðja þá stefnu, sem svo altof fáa vini hefir áttá jörðu vorri. Og miklu fleiri nöfn hefði mátt fá, þúsundir, ef leit-að hefði verið um land alt. En fjarri er mér að óska þess, að vinir minir auki sér svo fyrir-höfn míni vegna, enda er nafna-fjöldinn fullkomlega nógur, vitrum mönnum, ef ekki haml-aði þeim óvild eða annríki frá að beita viti sinu.

## II.

Í rauninni er ekki farið fram á annað i tilraunargrein minni, en lán slikt sem vel efnað göf-ugmenni mundi vini veita. Er mér stór bagi ef ekki fengist. En þeim árum fer nú mjög að fækka, sem eg þarf fjár að biðja. Og mundi aldrei þurft hafa, ef starfslaun hefðu hér verið eft-ir því sem ekki ritfærari menn mér eða rannsóknafærari, fá viða í öðrum löndum.

Prátt fyrir hið drengilega fylgi sem Reykvíkingar hafa veitt málaleitan minni, hefir fjárveitinganefnd neðri deildar ekki þóknast að bera hana undir atkvæði deildarinnar. Er mér með slíku sýndur mikill velvildarskortur, og verð eg að segja það hreinskilnislega, að það stoðar ekki að koma þannig fram gaguvart mér. Það er hreint og beint hættulegt, að láta eins og það sé markleysa ein sem eg hefi sagt um þýðingu tilraunar þeirrar, sem þetta er framhald af. Enda gæti nú svo virst, sem

þetta væri þegar farið að sýna  
sig, og gæti eg nefnt að því  
votta, að eg hefi sagt fyrir  
þetta slæma hret. Og mættu  
hretin helst ekki fleiri verða  
á þessu vori. En þó verð eg nú  
að herða á tilrauninni lítið eitt,  
og nefna 25000 kr.; ekki verða  
allar skuldir goldnar samt. Og  
segi eg það hiklaust, að þjóðin  
mun ekki tapa á því að þetta  
sé gert, enda treysti eg því, að  
einhverjur vinir minir á þingi,  
verða til að taka mál þetta  
upp. Mun eg ekki gänga til  
manna að biðja þá liðveislu.  
En það er óhætt að segja, að  
það mündi verða vinsælt verk  
að koma þessu málum fram til  
sigurs. Því að hæði austan  
hafs og vestan, eru þúsundir,  
sem þökk er á, að greitt sé fyr-  
ir því, að komið geti ýmsar rit-  
gerðir, sem þeir vita að i smið-  
um eru. Og svo er altaf skemti-  
legt að sjá göfugmannlega  
komið fram. Oss hitnar ennþá  
um hjartarætur þegar vér les-  
um fornar þingsögur þar sem  
af sliku er sagt.

7. maí.

*Helgi Pjeturss.*